

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Núpur 2, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 11. apríl 2019 deiliskipulagstillögu fyrir Núp 2. Tillagan tekur til 2,3 ha lóðar úr jörðinni Núpur 2 og heimild til byggingar íbúðarhúss, bílskúrs og gestahúss, ásamt aðkomuvegi að lóðinni. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Heylækur 3, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 14. mars 2019 deiliskipulagstillögu fyrir Heylæk 3. Tillagan tekur til þriggja frístunda-/íbúðarhúsalóða á jörðinni Heylækur 3. Heimilt verður að byggja frístunda- og einbýlishús á lóðunum, auk gesta-/geymsluhúss. Nýtingarhlutfall lóða er 0,04 sem gerir samanlagt byggingarmagn um 450-500 m² á hverri lóð. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 2. maí 2019.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Guðmundur Úlfar Gíslason, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 16. maí 2019